



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Reykjavík, 23. nóvember 2020  
VEL2020090012

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

***Tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs um húsnæði með þjónustu fyrir heimilislausar konur***

Á fundi velferðarráðs þann 18. nóvember sl. lagði sviðsstjóri velferðarsviðs fram svohljóðandi tillögu um húsnæði með þjónustu fyrir heimilislausar konur:

Lagt er til að velferðarráð samþykki að auka stöðugildi á H121 um fjögur stöðugildi frá og með 1. febrúar 2021 til að koma til móts við þjónustubarfir þeirra kvenna sem þar munu búa. Áætlaður viðbótarkostnaður við rekstur H121 vegna þessa nemur 26 m.kr. á ári sem rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð fylgir.  
Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna og Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð óskaði eftir því á fundi þann 2. september að framtíðarlausn yrði fundin í húsnæðismálum fyrir þær konur sem dvalið hafa í tímabundnu úrræði sem starfrækt hefur verið með fjármagni frá félagsmálaráðuneytinu vegna Covid-19. Með því að samþykkja þessa tillögu fá 5 af þeim 14 konum sem þar hafa dvalið úthlutað „húsnæði fyrst“ íbúð. Mikilvægt er að fullnægjandi þjónusta sé til staðar fyrir íbúa í slíkum íbúðum og því er stöðugildum fjölgað til að geta veitt fleiri íbúum þjónustu. Mikilvægt er að vinna áfram að því að finna fjölbreyttar lausnir fyrir heimilislausar konur í Reykjavík þar til fundin hefur verið framtíðarlausn fyrir allar sem þar dvelja í tímabundnum úrræðum.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ánægjulegt er að sjá að verið sé að bæta í þjónustu við konur með flóknar þjónustubarfir. Það hallar mikið á konur þegar kemur að þjónustu við heimilislausa. Sóknarfæri hafa verið lengi fyrir Reykjavíkurborg í bættri þjónustu við þennan hóp. Það vekur hins vegar upp spurningar hvort tímasetningar um aukna þjónustu til 1. febrúar 2021 geti valdið þjónustubegum óöryggi á komandi vikum. Æskilegt er að einstaklingar í vanda búi við öryggi. Fyrir á kjörtímabilinu lagði Sjálfstæðisflokkurinn fram tillögu um samstarf við SÁÁ um rekstur á búsetuúrræði

fyrir konur með langvarandi fíknivanda en Reykjavíkurborg hefur lengi rekið sambærilegt úrræði fyrir karlmenn í þessari stöðu. Þeirri tillögu var vísað frá.

Tillagan er hér með send borgarráði til afgreiðslu.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, reading 'Regína Ásvaldsdóttir'.

Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs um húsnæði með þjónustu fyrir heimilislausar konur, ásamt fylgiskjölum, lögð fyrir fund velferðarráðs þann 18. nóvember 2020.  
Jafnréttisskimun.



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### ***Efni tillögu: Húsnæði með þjónustu fyrir heimilislausar konur***

Lagt er til að velferðarráð samþykki að auka stöðugildi á H121 um fjögur stöðugildi frá og með 1. febrúar 2021 til að koma til móts við þjónustuþarfir þeirra kvenna sem þar munu búa. Áætlaður viðbótarkostnaður við rekstur H121 vegna þessa nemur 26 m.kr. á ári. sem rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.

### ***Greinargerð:***

#### **Forsaga:**

Á fundi velferðarráðs þann 2. september 2020 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

*Velferðarráð samþykkir að fela sviðsstjóra að kanna möguleika á því að starfrækja áfram úrræði fyrir heimilislausar konur, sem nú er starfrækt í samstarfi við ríkið sem viðbragð við aðstæðum af völdum Covid-19. Annað hvort verði núverandi staðsetning skoðuð eða önnur og þá með hvaða hætti áframhaldandi samstarfi við ríkið geti verið háttað. Þá verði sérstaklega til skoðunar hvort það megi taka umrætt úrræði inn í verkefnið um húsnæði fyrst.*

Þann 8. apríl 2020 undirrituðu félagsmálaráðherra og borgarstjóri samning um tímabundinn stuðning félagsmálaráðuneytisins við neyðarhúsnæði og þjónustuúrræði á vegum Reykjavíkurborgar fyrir tiltekna hópa vegna Covid-19. Með samningnum veitti félagsmálaráðuneytið Reykjavíkurborg fjármagn, m.a. til þess að auka stuðning og þjónustu við heimilislause einstaklinga með fjölpættan vanda. Tvenns konar neyðarhúsnæði var sett á laggirnar á grundvelli samningsins og var annað neyðarhúsnæðið í Skipholti fyrir heimilislause konur með fjölpættan vanda.

Alls hafa 18 heimilislause konur nýtt sér neyðarhúsnæðið í Skipholti á samningstímanum og í dag eru 14 konur með aðsetur þar. Herbergin voru upprunalega tíu en var í þriðju bylgju Covid-19 fjölgað tímabundið um fjögur sökum þess ástands sem ríkti. M.a. hefur þurft að létta á Konukoti til að hægt sé að sinna nauðsynlegum sóttvörnum. Undir eðlilegum kringumstæðum tekur Konukot allt að 12 konur í gistingu en vegna Covid-19 geta þær verið 8 í húsinu. Fjármagn til rekstursins í Skipholti var

upphaflega tryggt til loka ágúst en var framlengt til loka nóvember sl. þar sem ekki hafði tekist að útvega nema hluta kvennanna varanlegu húsnæði. Reynsla velferðarsviðs Reykjavíkurborgar af þjónustu við þær konur sem dvalið hafa í neyðarskýlinu Skipholti sýnir að um er að ræða hóp kvenna sem þarfnast mikils stuðnings og aðgæslu og því er brýnt að haga mönnun samkvæmt því. Með undirritun nýs samnings velferðarsviðs og félagsmálaráðuneytisins nú í nóvember var rekstur Skipholts tryggður út janúar 2021 með 16 m.kr. fjárframlagi ríkisins. Velferðarsvið mun óska eftir frekari fjárframlögum fram til 1. júní 2021, en athvarfið er opið konum af öllu landinu.

### **Efni tillögu:**

Efni tillögu þessarar lýtur að aðgerðum til að tryggja heimilislausum konum, sem nú dvelja tímabundið í Skipholti, búsetu eftir 31. janúar 2021. Á H121 eru 11 íbúðir („húsnæði fyrst“) og er um að ræða húsnæði fyrir heimilislausa einstaklinga með fjölþættan vanda. Undirbúningur er hafinn að því að útvega fimm af þeim konum sem hafa dvalið í Skipholti húsnæði á H121. Fimm karlkyns íbúum sem búa þar verður boðinn milliflutningur í almennt og sértækt húsnæði. Með því móti verður H121 alfarið fyrir konur. Þessir tilflutningar taka tíma og er stefnt að því að þeim ljúki vorið 2021.

Á H121 munu því búa konur með fjölþættan vanda og mikilvægt að auka stuðning til hópsins bæði við að halda heimili og einnig til að gæta að öryggi kvenna á heimili þeirra. Í dag eru fjórir starfsmenn á H121 sem ganga vaktir en engin næturvakt er á staðnum. Koma þarf á þrískiptum vöktum og því þörf fyrir fjögur stöðugildi til viðbótar til að geta tryggt öryggi bæði íbúa og starfsmanna. Tryggja þarf tæplega 26 m.kr. til viðbótar við reksturinn á ári.

Öðrum konum sem búa nú í Skipholti verður veittur stuðningur við að koma undir sig fótunum í almennu eða sértæku húsnæði, eftir því sem unnt er auk þess sem vonir standa til að Konukot geti fjölgað aftur rýmum þegar kórónuveirufaraldurinn er genginn yfir. Það er þó mikilvægt að hafa í huga að afleiðingar af Covid-19 eru afar miklar gagnvart fjölmörgum borgarbúum sem þurfa að treysta á velferðarkerfið og viðbúið að fjölgi enn frekar í hópi kvenna sem þurfa á stuðningi að halda, fremur en hitt. Þau úrræði sem standa heimilislausum til boða á velferðarsviði í dag eru eftirfarandi:

1. Neyðarskýlið á Granda. Pláss fyrir allt að 15 unga karlmenn þar sem viðbótarhúsnæði var tekið á leigu vegna Covid 19. Gisting og kvöldmatur, sofið í sameiginlegu rými.
2. Gistiskýlið að Lindargötu. Pláss fyrir allt að 25 manns. Sofið í sameiginlegu rými, gisting og kvöldmatur.
3. Neyðarskýlið Eskihlíð. Hámark 8 konur, gisting og kvöldmatur, sofið í sameiginlegu rými og lokað yfir dagtímann.
4. Neyðarhúsnæðið í Skipholti. Hámark 14 konur. Sérherbergi og aðstaða til að vera inni á dagtíma. Einskonar „kvennaathvarf“ fyrir konur sem geta ekki leitað til hefðbundins kvennaathvarfs vegna vímuefnavanda en hafa búið við margvíslegt ofbeldi.
5. H121. 11 litlar einstaklingsíbúðir (housing first). Ekki sólarhringsvöktun í dag en þyrfti að vera.
6. Almennar og sértækar „húsnæði fyrst“ íbúðir í hefðbundnum fjölbýlishúsum.

7. Sóttvarnahús á vegum Sjúkratrygginga Íslands. Sérstakt sóttvarnahús fyrir fólk í virkri vímuefnaneyslu var opnað í lok október fyrir einstaklinga sem þurfa mikla þjónustu og þurfa að vera í sóttkví eða einangrun.

Þess ber að geta að neyðarskýlin sem getið er um í töluliðum 1, 2 og 3 eru lokað á daginn en vegna hertra aðgerða sem voru settar þann 3. nóvember sl. um lokanir á krám, í sundlaugum ofl. hafa þau verið opin á daginn með liðsstyrk starfsmanna frá öðrum sviðum, aðallega menningar- og ferðamálasviði.

Fylgiskjal:  
Jafnréttisskimun

|                          |                                      |
|--------------------------|--------------------------------------|
| Númer skjals:            | FMS-EBL-029                          |
| Skjalalykill:            | 02.01 Fjárhagsáætlun                 |
| Útgáfa:                  | 1                                    |
| Útgáfudags:              | 13.07.2018                           |
| Síðast rýnt / næst rýnt: | 2018 / 2019                          |
| Ábyrgðarmaður:           | Deildarstjóri áætlunar og greiningar |

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

|                           |                                                           |
|---------------------------|-----------------------------------------------------------|
| <b>Dagsetning:</b>        | 16. nóv. 2020                                             |
| <b>Svið:</b>              | Velferðarsvið                                             |
| <b>Unnið af:</b>          | Kristjana Gunnarsdóttir/ Bryndís Eva Sverrisdóttir        |
| <b>Verkefni/tillaga:</b>  | Ósk um fjárheimild til að auka við stöðugildi á H121      |
| <b>Þjónustubáttur:</b>    | Málefni einstaklinga með miklar og flóknar þjónustubarfir |
| <b>Stofnun/kostn.st.:</b> | 01292                                                     |
| <b>Fjárhæð:</b>           | 26 m.kr.                                                  |
| <b>Annað:</b>             |                                                           |

### Jafnréttisskimun:

|                                                                                                                                                                                       |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?</b>                                                                                                                                   |
| Óskað er eftir fjárheimild til að auka við stöðugildi á H121 til að hægt verði að veita aukna þjónustu til þeirra kvenna sem þar munu búa.                                            |
| <b>Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.</b>                                                                       |
| Já, verið er að fjölga úrræðum fyrir þennan hóp kvenna þar sem skortur hefur verið á úrræðum.                                                                                         |
| <b>Hvaða hópa snertir tillagan?</b>                                                                                                                                                   |
| Konur sem hafa átt við áfengis- og vímuefnavanda að stríða og/eða hafa búið við langvarandi heimilisleysi.                                                                            |
| <b>Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.</b>                                                                                                  |
| Tillagan stuðlar að því að koma jaðarsettum einstaklingum í húsnaði og þann stuðnings sem þeir þurfa til betra lífs.                                                                  |
| <b>Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?<sup>1</sup></b>                                                                                                                  |
| Já, þar sem konur hafa verið nánast ósýnilegar í málaflokknum „heimilisleysi“ þar sem þær hafa oft á tíðum fengið að gista hjá körlum gegn ýmisskonar greiða í skiptum við húsaskjól. |

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.